

4. fundu

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

Fundargerð.

Þann 17. febrúar héldu eftirtaldir nefndarmenn til fundar við forsvarsmenn ~~xxx xxxxxx xxx xxxxxxxxxxxxxxx~~ menntamálaráðuneytisins: Gunnar Sveinsson, Sigurður Ólafsson, Jón Hólmgeirsson og Hreinn Ásgrímsson. Einnig mættu þeir Rögnvaldur Sæmundsson og Ingólfur Halldórsson. Var efni fundarins framhald viðræðna um stofnun fjölbrautaskóla fyrir Suðurnes.

Af hálfu ráðuneytisins mættu þeir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Hörður Lárusson deildarstjóri, Indriði Þorláksson fulltrúi, Stefán Ólafur Jónsson Fulltrúi og Árni Gunnarsson deildarstjóri.

Talsmenn ráðuneytisins lögðu fram meðfylgjandi samningsuppkast sem umræðugrundvöll fundarins.

Eins og fram kemur í samningi þessum er hér ekki um myndun nýrrar sérstofunar að ræða (sbr. 5.gr.), heldur skulu Gagnfræðaskólinn í Keflavík og Iðnskólinn í samvinnu skipuleggja og annast framkvæmd þessa skólalahlds. Í samningnum er gert ráð fyrir tveggja ára námi og endurskoðun samningsins árið 1977.

Aðspurðir svöruðu ráðuneytismenn því til varðandi ~~xx~~ kostnaðarskiptingu skólans, að ríkissjóður kæmi til með að greiða allan kennslukostnað að fullu 60% alls stofnkostnaðar og 50% alls rekstrarkostnaðar (þ.á.m. ræstingu og hitun o.fl.).

Ráðuneytisstjóri lét þess getið, að allt framhaldsnám og rekstrarreglur framhaldsskóla væru í gagngerri endurskoðun og væri stefna ráðuneytisins sú, að setja ekki á stofn nýjar skólastofnanir fyrr en að lokinni þessari endurskoðun. Væri þetta meginástæða þess að ráðuneytið legðist gegn formlegri stofnun skólans. Væri gert ráð fyrir að námsefni og kennsla í framhaldsskólunum yrði samræmd meira en nú er .

Þá lýsti ráðuneytisstjóri yfir mikilli ánægju með þá samstöðu, er ~~xxx~~ virtist vera með sveitarfélögunum hér um stofnun fjölbrautaskóla fyrir svæðið í heild.

Ingólfur kvaðst hafa setið fundi með iðnaðarmönnum og skólanefnd iðnskólans og taldi hann þá menn almennt vera hlynnta því að fella iðnskólann að fjölbrautaskólanum væntanlega.

Húsnæðismálin voru næst til umræðu og var það álit manna að nauðsyn bæri til að ganga sem fyrst frá þeim málum. Þyrfti þá trúlega að gera einhvern fjármálasamning milli sveitarfélaganna, áður en ráðist verður í framkvæmdir og rekstur.

Rögnvaldur benti á, að upp gæti komið vandamál við ráðningar kennara, þ.e. við hvaða stofnun ætti að ráða þá ef fjölbrautaskólinn yrði ekki rekinn sem sjálfstæð stofnun. Gætu m.a. komið fram vandkvæði varðandi menntunar-kröfur, við hvaða stofnun menn verði skráðir o.fl.

Þótti mönnum helst koma til greina að ráða menn aðeins að framhaldsskóla, ~~án~~ Rögnvaldur benti einnig á ýmsa annmarka er fylgt gætu því, að hafa grunnskóla og framhaldsskóla undir sama þaki, til dæmis vandkvæði við stjórnun, mismunandi skólareglur, samfellingu stundaskráa og sameiginlega nýtingu ýmissa sérstofa og áhalda.

Vorú menn sammála um að allt þyrfti þetta nánari athugunar við.

Greinilegt virtist vera að sunnanmenn virtust vera hlynntari formlegri stofnun fjölbrautaskóla en ráðuneytismenn.

Stefán Ólafur taldi rétt að athuga hvort möguleiki væri á formlegri stofnun framhaldsskóla í stað fjölbrautaskóla og yrði það heiti þá samheiti á hinum ýmsu framhaldsbrautum menntakerfisins í framtíðinni (t.d. menntaskólaþraut, iðnbraut o.fl.), því nauðsynlegt væri að byggja framhaldsnámið upp sem einn heild í framtíðinni.

Þá voru talsmenn ráðuneytisins spurðir að því, hvort ríkið gengi inn í kaup á hluta gagnfræðaskólans, sem 60% eignaraðili, ef til kæmi. Töldu þeir möguleika á slíku, ef sveitarfélögin gengju frá sínum hluta.

Næst var rædd nauðsyn þess að koma upp einhverri mótuneytisaðstöðu fyrir þá nemendur sem búa utan Keflavíkur og Njarðvíkur. Indriði kvað engin lög vera til um slíka mótuneyti ofan grunnskólastigs, en taldi reglu um 85%

páttöku ríkissjóðs einhversstaðar hafa verið við hafða, en slíkt veri þó engin trygging fyrir því að slíkt yrði í þessu tilfelli.

Einnig var rætt um samgönguferfiðleika, sem gætu torveldað nemendum þessara sömu svæða skólasókn. Varð niðurstaða þeirra umræðna sú, að ~~ráðuneytismenn~~ ráðuneytismenn leituðu álits Örlygs Geirssonar og yrði honum falið að benda á leiðir til úrbóta.

Niðurstöður fundarins urðu eftirfarandi:

1. Ráðuneytismenn leiti samþykkis menntamálaráðherra til starfrækslu menntaskólabrautar 2. árs á komandi skólaári (1976-'77), en slíkt samþykki liggur ekki ennþá fyrir, en góðar horfur taldar á að það fáiist.
2. Nefndarmenn skulu kanna væntanlega páttöku nemenda inn í skólann næsta haust, innan þess ramma sem tilgreindur er í samningsuppkasti.
3. Fulltrúar ráðuneytisins kanni hvaða möguleikar eru á ~~á~~ til lausnar á samgönguferfiðleikum ákveðinna byggðarlaga.
4. Þeir fulltrúar samstarfsnefndar er fundinn sátu kynni öðrum nefndarmönnum gang mála sem fyrst, svo og sveita- og bæjarstjórnnum.
5. Annar sameiginlegur fundur nefndarmanna og fulltrúa ráðuneytisins verði haldinn við fyrsta tækifæri.

Fleira var ekki rætt. Var fundartími um 1¹/₂ klukkustund.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson (sign).